



Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2016

Ágæti styrktaraðili!

Haustið 2016 verða 170 ár síðan Menntaskólinn í Reykjavík tók til starfa. Hollvinafélag Menntaskólans hyggst minnst þessara tímamóta með því að styrkja skólann til þess að ljúka endurnýjun tölvubúnaðar skólans.

Árið 2011 var tölvukerfi skólans gjörbylt. Tekið var upp Linux stýrikerfi og stuðst að mestu við opinn og frjálsum hugbúnað. Þannig var nemendum tryggður aðgangur að gjaldfrjálsum hugbúnaði og nýja tölvukerfið nýtti betur tölvubúnað skólans. Þetta sparaði mikið fé.

Í fyrra safnaði Hollvinafélagið fyrir nýju tölvuveri í Elísabetarhúsi og það gjörbreytti aðstöðu nemenda til náms.

Enn er þörf á frekari endurnýjun tölvubúnaðar og því leitar félagið til velunnara skólans í hópi sterkustu fyrirtækja landsins í tilefni af þessum tímamótum. Markmiðið er að safna 10 milljónum króna, þannig að hægt verði að ljúka verkefninu.

Við miðum við að ljúka söfnuninni fyrir 15. maí næstkomandi. Til gamans höfum við sett fram viðmið, en að sjálfsögðu eru öll framlög vel þegin og munu koma að góðum notum.:

| | |
|----------|-------------|
| Platína | 400.000 kr. |
| Gull | 200.000 kr. |
| Silfur | 100.000 kr. |
| Brons | 50.000 kr. |
| Lárviður | 20.000 kr. |

Við munum senda reikning fyrir framlaginu. Ólafur Þorsteinsson, gjaldkeri félagsins, svarar öllum spurningum sem upp kunna að koma. Hann er í síma 863-7158 og með tölvupóstfang oth@hi.is. Reikningur Hollvinafélagsins er 512-14-402158, kt. 650214-0720.

Með vinsemd og virðingu,

formaður Hollvinafélags Menntaskólans í Reykjavík